

Miðvikudaginn 23. janúar 1991.

Nr. 233/1990. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)
gegn

Guðmundi Gunnari Hólmarssyni

(Björgvin Þorsteinsson hrl.).

Þjófnaður. Hylming. Umferðarlög. Skilorð. Hegningarauki.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. apríl 1990 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákærvalds, að því er hann varðar, til þyngingar á refsingu.

Mál þetta var höfðað með 4 ákærum ríkissaksóknara. Ákærir 30. mars 1989 og 6. nóvember 1989 voru á hendur ákærða einum, en fleiri voru ákærðir með ákærum 19. desember 1988 og 28. júní 1989. Meðákærðu samkvæmt þeim ákærum una héraðsdómi.

Í 1. lið ákæru frá 19. desember 1988 eru ákærði og meðákærði G saksóttir fyrir að hafa í félagi við þriðja mann stolið 23.000 krónum og tóbaki í versluninni Laugarási, Norðurbrún 2, Reykjavík, hinn 11. júní 1988. Ákærði hefur viðurkennt þjófnað greint sinn á peningum og tóbaki. Samkvæmt frásögn hans hjá lögreglu 21. júlí 1988, sem hann hefur staðfest fyrir dómi, voru u.þ.b. 2000 krónur teknar úr afgreiðslukassa í versluninni og einnig nokkur þúsund krónur í skrifstofu. Framburður þeirra, sem með ákærða voru, er ekki samhljóða um þetta. Taldi annar, meðákærði G, að þeir hefðu tekið þarna samtals um 15.000 krónur, en hinn, að það hefðu verið 10 - 12.000 krónur. Með hliðsjón af framansögðu þykir sannað, að ákærði hafi umrætt sinn stolið tóbaki og peningum á greindum stað, en ósannað þykir, að um hærri fjárhæð hafi verið að ræða en 10.000 krónur. Er þetta atferli ákærða réttilega heimfært í héraðsdómi undir 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Að því er varðar önnur ákæruatriði á hendur ákærða, ber að

staðfesta sakarmat í hinum áfrýjaða dómi og heimfærslu til refsí-
ákvæða.

Svo sem fram kemur í héraðsdómi, var ákærði með dómi saka-
dóms Reykjavíkur hinn 18. ágúst 1989 dæmdur í 12 mánaða
fangelsi fyrir líkamsárás samkvæmt 1. mgr. 218. gr. almennra
hegningarlaga og þjófnað samkvæmt 244. gr. sömu laga. Voru 9
mánuðir af refsingunni skilorðsbundnir til þriggja ára. Í vottorði
Fangelsismálastofnunar ríkisins 15. janúar 1991, sem lagt hefur
verið fyrir Hæstarétt, kemur fram, að ákærði hefur tekið út hina
óskilorðsbundnu refsingu samkvæmt dómi þessum. Ekki eru skil-
yrði til að láta hinn skilorðsbundna hluta dómsins haldast. Ber nú
samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr.
22/1955, að taka ofangreint mál til meðferðar, að því er hann
varðar, og dæma refsingu í einu lagi. Er refsingin með hliðsjón af
77. og 78. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi í
12 mánuði.

Rétt þykir að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms varðandi
kröfu ákærvalds um ökuleyfissviptingu ákærða og um sakar-
kostnað.

Dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar svo
sem í dómsorði greinir.

Aðfinnsluvert er, að við yfirheyrslur yfir ákærða hjá rann-
sóknarlögreglu ríkisins vegna nokkurra þeirra brota, sem til um-
fjöllunar eru í máli þessu, hafa ekki verið viðstaddir vottar, sbr.
37. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Guðmundur Gunnar Hólmarsson, sæti fangelsi í 12
mánuði.

Ákvæði héraðsdóms, er varðar kröfu ákærvalds um
ökuleyfissviptingu og um sakarkostnað ákærða, eru stað-
fest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin
saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun
skipaðs verjanda síns, Björgvins Þorsteinssonar hæstaréttar-
lögmanns, 40.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 19. janúar 1990.

Ár 1990, föstudaginn 19. janúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 25-32/1989: Ákærvaldið gegn A, B, Guðmundi Gunnari Hólmarssyni, C, D, E, F og G, sem tekið var til dóms þann 15. þ.m.

Málið er höfðað með fjórum ákærum ríkissaksóknara, dagsettum þann 19. desember 1988, 30. mars 1989, 28. júní 1989 og 6. nóvember 1989.

Með ákæru, dagsettri 19. desember 1988, er málið höfðað á hendur ákærðu G [...], og Guðmundi Gunnari Hólmarssyni verkamanni, kt. 100270-5529, til lögheimilis að Laugateigi 19 hér í borg, dvst. Sveinbjarnargerði við Eyjafjörð, „fyrir eftirgreind þjófnaðarbrot framin á árinu 1988:

I.

Mál er höfðað á hendur báðum ákærðu fyrir eftirgreind brot:

1. Fyrir að hafa aðfaranótt laugardagsins 11. júní brotist inn í verslunina Laugarás, Norðurbrún 2, Reykjavík, í félagi við Hauk Guðjónsson, kt. 17.05.66-4169, og stolið 23.000 krónum og tóbaki.

2. Aðfaranótt sunnudagsins 10. júlí brotist inn í veitingahúsið Dugguna í Þorlákshöfn ásamt Árna Snævarr Guðmundssyni, kt. 31.07.67-5659, og stolið 2 áfengisflöskum, útvarpstæki, peningakassa, sælgæti, tóbaki og um 2.300 krónum.

3. Stolið sömu nótt talstöð úr óþekkttri bifreið í Þorlákshöfn í félagi við Hauk Guðjónsson.

4. Sunnudaginn 10. júlí brotist ásamt ofangreindum Hauki inn í sundlaugina að Varmá í Mosfellsbæ og stolið þar 3 armbandsúrur, 500 happdrættismiðum og 9.794 krónum.

5. Í júlímánuði brotist inn í geymslur í kjallara fjölbýlishússins nr. 4 við Þverbrekku í Kópavogi og stolið nokkrum svefnpokum, gítar, silfur-skeið, verkfæratösku og gaskút.

6. Í júlímánuði brotist inn í húsnæði Kjötmiðstöðvarinnar við Laugalæk í Reykjavík og stolið gosdrykkjum.

7. Aðfaranótt miðvikudagsins 13. júlí brotist inn í húsnæði fiskverkunarfyrirtækja í Útskálalandi, Garði, Gullbringusýslu, og stolið þar örbylgjuofni og reiknivél.

8. Sömu nótt brotist inn í húsnæði fyrirtækjanna Sveinborgar hf. og Fiskpurrrunar hf. við Skagabraut í Garði og stolið þar segulbandstæki og 2 reiknivélum.

9. Aðfaranótt föstudagsins 15. júlí brotist inn í unglingaathvarfið í húsinu nr. 12 við Tryggvagötu og stolið þar segulbandstæki og matvælum.

10. Í júlímánuði brotist inn í vinnuskúr og nýbyggingu við Vesturgötu 7, Reykjavík, og stolið verkfærum, útvarpstæki og 25 hnifapörum.

11. Aðfaranótt miðvikudagsins 27. júlí stolið úr bifreiðum á athafnasvæði Vöku hf., Eldshöfða 6, Reykjavík, 10 hátölurum, 2 útvarpstækjum, tónjafnara og myndavél.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Með ákæru, dagsettri 30. mars 1989, er málið höfðað gegn framangreindum Guðmundi Gunnari Hólmarssyni „fyrir að aka aðfaranótt laugardagsins 3. desember 1988 undir áhrifum áfengis og án ökuréttinda bifreiðinni R-58216 úr Mjóstræti í Reykjavík inn í Fischerssund, en þar stöðvaði lögreglan akstur hans.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr., 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. og 102. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Með ákæru, dagsettri 28. júní sl., er málið höfðað gegn A [...], B [...], Guðmundi Gunnari Hólmarssyni verkamanni, Laugateigi 19, Reykjavík, kt. 10.02.70-5529, nú dvst. Sveinbjarnargerði v/Eyjafjörð, C, D, E og F „fyrir eftirgreind hegningarlagabrot:

V.

Þjófnaður.

Ákærða Guðmundi Gunnari er gefið að sök að hafa aðfaranótt þriðjudagsins 14. febrúar 1989 um kl. 02.50 ásamt ungum pilti brotist inn í Verslunina Bergstaðastræti 48, Reykjavík, og stolið þar sælgæti, gosdrykkjum, pylsum og vindlum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Hylming.

Ákærðu Guðmundi Gunnari og E er gefið að sök að hafa tekið við ofanefndum kúrekastígvélum að gjöf frá ákærða A, þótt þeim væri ljóst, hvernig stígvél þessi voru fengin. (RLR-mál nr. 3934/88.)

Telst þetta varða við 254. gr. almennra hegningarlaga.

Með ákæru, dagsettri 6. nóvember sl., er málið enn fremur höfðað gegn

ofangreindum ákærða Guðmundi Gunnari Hólmarssyni „fyrir eftirgreind brot, framin aðfaranótt fimmtudagsins 17. ágúst 1989 á Akureyri:

1) Fyrir þjófnað með því að stela um 25 lítrum af bensíni af bifreiðunum KR-707 og A-11223, sem stóðu á bifreiðastæði við Skarðshlíð 40 A.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

2) Því næst aka án ökuréttinda og undir áhrifum áfengis bifreiðinni Þ-2882 um götur í bænum, uns lögreglan stöðvaði akstur hans á Skarðshlíð við Litlu-Hlíð.

Telst þetta varða við 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Ákæra, dagsett 19. desember 1988.

Málavextir eru þessir samkvæmt játningu ákærðu svo og öðrum gögnum málsins:

1. Aðfaranótt laugardagsins 11. júní 1988 brutust ákærðu ásamt Hauki Guðjónssyni inn í verslunina Laugarás við Norðurbrún 2 í Reykjavík með því að spenna upp opinn glugga á austurhlíð hússins. Þarna stálu þeir um 15.000 kr. í peningum og nokkrum lengjum af vindlingum. Þýfinu skiptu þeir á milli sín.

2. Aðfaranótt sunnudagsins 10. júlí sama ár brutust ákærðu inn í veitingahúsið Dugguna í Þorlákshöfn ásamt Árna Snævarr Guðmundssyni með því, að meðákærðu spenntu upp opinn glugga á vesturhlíð hússins, sem ákærði Guðmundur fór inn um, en opnaði síðan útidyrnar fyrir hinum. Þarna slógu þeir eign sinni á 2 rauðvínsflöskur, útvarpstæki, 1.100 kr. úr peningakassa, peningakassa með 1.200 kr. í, eitthvert smáræði af sælgæti og 2 karton af Prince-vindlingum og um 30 pakka af ýmsum tegundum vindlinga. Þýfinu skiptu þeir með sér.

3. Í framhaldi af þessu fóru þeir þrír að óþekktri bifreið þar skammt frá og stálu úr henni talstöð. Komu þeir henni í geymslu að Vesturgötu 24 hér í borg, sem er óíbúðarhæft greni, sem útigangsunglingar hafast við í, en þegar RLR leitaði hennar þar, fannst hún ekki.

Í ákeru er þess ranglega getið, að ofangreindur Haukur Guðjónsson hafi tekið þátt í þjófnaðinum með ákærðu, en samkvæmt framburði ákærðu og Árna Snævarr var hann ekki með þeim, enda kemur ekkert fram um það í gögnum málsins.

4. Að kvöldi sama dags fóru ákærði G og Árni Snævarr í heimildarleysi inn um ólæstar dyr í sundlauginni við Varmá í Mosfellsbæ, en ákærði Guðmundur Gunnar beið fyrir utan í bifreið á meðan og vissi, hvað fram fór. Þarna stálu þeir 3 armbandsúrur, 500 skafhappdrættismiðum að and-

virði um 5.000 kr. og kr. 9.794 í peningum. Skiptu þeir þremmenningarnir með sér þýfinu, en af því komust 249 skafmiðar til skila við rannsókn málsins.

Í ákæru er þess hér einnig ranglega getið, að með ákærðu hafi verið Haukur Guðjónsson í stað Árna Snævarr.

5. Fyrri hluta júlímánaðar sama ár brutust ákærðu inn í nokkrar geymslur í kjallara fjölbýlishússins við Þverbrekku 4 í Kópavogi og stálu þar verkfæratösku, gaskút, nokkrum svefnpokum, gítar og silfurskeið. Einn svefnpokanna komst til skila.

6. Í sama mánuði brutust ákærðu einnig inn í húsnæði Kjötmiðstöðvarinnar við Laugalæk hér í borg og stálu þar 3 - 4 pakkningum af ½ lítra gosdrykkjum með 6 stykkjum hverri. Ákærðu fóru með fenginn í grenið að Vesturgötu 24, þar sem þeir drukku hann.

7. Aðfaranótt miðvikudagsins 13. sama mánaðar brutust ákærðu og þrír aðrir piltar inn í Fiskverkun Guðbergs Ingólfssonar og annað fiskverunarfyrirtæki í sama húsi í eigu Reynis Guðbergssonar í Útskálagarði, Garði, Gullbringusýslu. Komust þeir inn með því að rífa stormjárn úr glugga á austurhlíð hússins. Þarna slógu þeir eign sinni á litla reiknivél og örbylgjuofn, en ofninn komst til skila við rannsókn málsins.

8. Sömu nótt brutust ákærðu og sömu þrír piltar inn í húsnæði fyrirtækjanna Sveinborgar hf. og Fiskþurrkunar hf. við Skagabraut í Garði, en þessi fyrirtæki eru í sameiginlegu húsnæði. Ákærðu brutu rúðu í útidyrum og gátu opnað dyrnar með því að smeygja hendi inn um rúðugatið. Þarna stálu þeir 2 reiknivélum og útvarps- og segulbandstæki. Önnur reiknivélin og útvarps- og segulbandstækið komust til skila.

9. Aðfaranótt föstudagsins 15. sama mánaðar brutust ákærðu inn í húsnæði unglingaathvarfsins við Tryggvagötu 12 hér í borg ásamt tveim öðrum piltum og slógu þar eign sinni á segulbandstæki og eitthvað af matvælum úr ísskáp.

10. Í sama júlímánuði brutust ákærðu inn í vinnuskúr við nýbyggingu fyrirtækisins Ístaks hf. við Vesturgötu 7 hér í borg með því að spenna upp hurð skúrsins og stálu þar ýmsum verkfærum, m.a. kittisbyssu, kittistúpum, hamri, nögglum, skrúfjárnri, klippum og kúbeini svo og útvarpstæki og 25 hnífapörum. Hnífapörin, kittisbyssan og 3 kittistúpur ásamt einum hamri og einum pakka af nögglum komust til skila, en þýfið ásamt öðru því þýfi, sem komst til skila í máli þessu, fannst í ofangreindu greni að Vesturgötu 24.

11. Aðfaranótt 27. sama mánaðar stálu ákærðu og piltur einn 10 hátölurum, 2 útvarpstækjum og tónjafnara ásamt myndavél úr ýmsum bifreiðum á athafnasvæði Vöku hf. við Eldshöfða 6 hér í borg. Næturvörður á staðnum handsamaði ákærða G, en meðákærði og pilturinn komust

undan á bifreið, sem þeir höfðu komið á. Lögreglan stöðvaði akstur bifreiðarinnar skömmu síðar og handtók ákærða Guðmund Gunnar og piltinn. Í bifreiðinni fannst framangreint þýfi.

Öll framangreind brot ákærðu varða við 244. gr. alm. hegningarlaga. Engin skaðabótakrafa hefur verið lögð fram vegna framangreindra mála.

Ákæra, dagsett 30. mars 1989.

Málavextir eru þessir samkvæmt játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins:

Um kl. 2.58 aðfaranótt laugardagsins 3. desember 1988 veittu lögreglu-menn bifreiðinni R-58216 athygli, þar sem henni var ekið úr Mjóstræti í Fischerssund, og var ljósabúnaður bifreiðarinnar í ólagi. Var aksturinn því stöðvaður og tal haft af ökumanni, sem reyndist vera ákærði í máli þessu Guðmundur Gunnar. Þar sem grunur lék á, að hann væri undir áhrifum áfengis, var hann færður til töku alkóhólsýnis á Borgarspítalann kl. 3.45. Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar mældust 1,06‰ alkóhóls í blóði hans.

Ákærði hefur viðurkennt, að hann hafi umrætt sinn ekið framangreindri bifreið stuttan spöl um Mjóstræti í Fischerssund undir áfengisáhrifum og án ökuréttinda, en ákærði hefur aldrei öðlast þau.

Telst háttsemi hans varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Ákæra, dagsett 28.júní 1989.

IV.

1. Ákærði A seldi tékkana úr ofangreindu hefti í liðum 1 - 3 í þessum kafla ákæru, samtals að fjárhæð kr. 13.000, fyrir vörur og peninga í staðgreiðsluviðskiptum á þeim stöðum, er þar greinir, síðari hluta október 1988. Þá greiddi hann B fyrir umrætt tékkhefti kr. 5.000 með tékkanum í 4. lið ákæru og seldi B tékkann í Kaupstað. Er gerð þeirra rétt lýst í ákæru. Guðmundur Gunnar Hólmarsson útfyllti tékkana, en B afhenti ákærða A þá, sbr. III. kafla hér að framan. Guðmundur Gunnar útfyllti tékkana með tilbúnum útgefandanöfnum, svo sem lýst er í ákæru.

Varðar sala ákærða A á tékkunum við 1. mgr. 155. gr. alm. hegningarlaga.

B og Guðmundur Gunnar eru ekki ákærðir í þessum þætti málsins.

V.

Aðfaranótt þriðjudagsins 14. febrúar sl. braust ákærði Guðmundur Gunnar inn í verslunina Bergstaðastræti 48 hér í borg ásamt ungum

pilti. Komust þeir inn með því að brjóta rúðu í útidyrum með felgulykli.

Þarna slógu þeir eign sinni á lítills háttar af sælgæti, gosdrykkjum, pylsum og einum pakka af vindlum.

Varðar þessi háttsemi ákærða við 244. gr. alm. hegningarlaga.

Engin skaðabótakrafa var lögð fram vegna þessa þjófnaðar.

— — —

Ákærði A keypti fyrir tvo framangreinda tékka 12 skinnskott með lykla-hring og tvö pör af kúrekastígvelum. Gaf ákærði meðákærðu Guðmundi Gunnari og E sitt parið hvorum, og þágu þeir stígvélin, þótt þeim væri kunnugt um, hvernig ákærði var að þeim kominn, en Guðmundur Gunnar og E voru staddir á göngum Kringlunnar, á meðan A seldi tékkana. Ákærðu voru handteknir í strætisvagnabiðskýli í grennd við Kringluna skömmu eftir sölu ákærða A á tékkunum, og voru framangreind 12 skinn-skott tekin af þeim, og kúrekastígvélin komust til skila.

Svo sem ákæru í máli þessu er háttað, að því er viðvíkur ákærðu Guðmundi Gunnari og E, verður brot þeirra talið varða við 254. gr. alm. hegningarlaga.

— — —

Ákæra, dagsett 6. nóvember 1989.

Málavextir eru þessir samkvæmt játningu ákærða og öðrum gögnum málsins:

Aðfaranótt fimmtudagsins 17. ágúst sl. var lögreglunni á Akureyri tilkynnt frá húsi við Skarðshlíð 40 A, að tveir piltar væru að fíkta í bifreiðum þar fyrir utan. Er lögreglumenn komu á staðinn, voru piltarnir farnir, en skömmu síðar sást til bifreiðar, sem ók eftir göngustíg suðvestan við Skúta. Akstur bifreiðarinnar var stöðvaður við Litluhlíð. Ökumaðurinn reyndist vera ákærði Guðmundur Gunnar, og lék grunur á, að hann væri undir áhrifum áfengis. Mikil bensínstybba var af ákærða svo og í bifreiðar-geymslunni, en þar fannst slanga og brúsi.

Vakthafandi læknir tók blóðsýni úr ákærða að beiðni lögreglunnar kl. 4.45 um nóttina. Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar mældust 1,47‰ alkóhóls í blóði ákærða.

Ákærði hefur viðurkennt, að hann hafi ásamt öðrum pilti stolið 25 lítrum bensíns af bifreiðunum KR-707 og A-11223, þar sem þær stóðu á bifreiðastæði við Skarðshlíð 40 á Akureyri umrædda nótt, svo og að hafa ekið bifreiðinni P-2882 í framhaldi af því undir áfengisáhrifum og án þess að hafa öðlast ökuréttindi um ýmsar götur bæjarins, uns lögreglan stöðvaði aksturinn við Litluhlíð, svo sem að framan er rakið.

Varðar þjófnaður ákærða á bensinlítrunum 25 við 244. gr. alm. hegningarlaga, en akstur hans á bifreiðinni Þ-2882 við 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

— — —

Sakaferill ákærðu.

— — —

Ákærða Guðmundar Gunnars:

- 1988 11/4 3 mánaða fangelsi skb. í 3 ár fyrir tilraun til þjófnaðar, nytjastuld og umferðarlagabrot.
- 1988 12/7 6 mánaða fangelsi, þar af 5 mán. skb. í 3 ár, fyrir skjalafals, þjófnað, eignaspjöll, nytjastuld, tilraun til nytjastuldar og ölvun og réttindaleyfi við akstur. Dómur frá 11/4 1988 dæmdur með.
- 1988 15/11 Sakfelldur fyrir ölvun og réttindaleyfi við akstur. Ekki dæmd refsing.
- 1988 6/12 7 mánaða fangelsi skb. í 3 ár fyrir fjársvik. Skilorðshluti dóms frá 12/7 1988 dæmdur með.
- 1989 12/8 12 mánaða fangelsi, þar af 9 mánuðir skb. í 3 ár, fyrir líkamsárás. Dómur frá 6/12 1988 dæmdur með.
- — —

Viðurlög.

Refsing ákærðu allra verður ákveðin með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga.

— — —

Brot ákærða Guðmundar Gunnars, sem hér er fjallað um, eru öll framin fyrir uppkvaðningu dómsins frá 18. ágúst sl. og öll að undanskildum brotunum skv. V. kafla ákæru, dags. 28. júní sl., og ákæru, dags. 6. nóvember sl., áður en refsíðómurinn frá 5. desember var kveðinn upp. Verður honum því nú ákveðinn hegningarauki skv. 78. gr. alm. hegningarlaga. Með vísan til 60. gr. sömu laga og þess, að ákærði hefur þegar hlotið 9 mánaða skilorðsbundna refsingu og brot hans eru fjölmörg og sum ítrekuð, þykir rétt að láta hinn skilorðsbundna hluta refsingarinnar samkvæmt dóminum frá 18. ágúst sl. haldast, en dæma honum nú óskilorðsbundna refsingu í 8 mánuði.

Ákærði hefur aldrei öðlast ökuleyfi. Verður hann ekki sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi, sbr. hæstaréttardóm frá 27. júní 1989, en samkvæmt þeim dómi er talið, að ekki sé fullnægjandi réttarheimild í núgildandi

umferðarlögum til að svipta mann rétti til að öðlast ökuleyfi, er svo stendur á. Er því kröfu ákærvaldsins á hendur ákærða um sviptingu réttar til að öðlast ökuleyfi hafnað.

— — —

Ákærði Guðmundur Gunnar er dæmdur til að greiða kr. 27.858 í sakarkostnað.

— — —

Að öðru leyti greiði ákærðu sakarkostnað óskipt.

Dómarinn lætur þess getið, að hann fékk ákærur dags. 19. desember 1988, 30. mars 1989 og 28. júní s. ár til meðferðar þann 11. október sl.

D ó m s o r ð:

Ákærði Guðmundur Gunnar Hólmarsson sæti 8 mánaða fangelsi.

— — —

Synjað er kröfu ákærvalds um, að ákærði Guðmundur Gunnar verði sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi.

— — —

Ákærði Guðmundur Gunnar greiði í sakarkostnað kr. 27.858.

Ákærði C greiði skipuðum verjanda sínum, Þuríði I. Jónsdóttur, í málsvarnarlaun kr. 25.000.

Að öðru leyti greiði ákærðu allir sakarkostnað óskipt.
